

FYLGISKJAL 4-C
FARÞEGAR OG HANDFARANGUR
SKRÁ YFIR BANNAÐA HLUTI

Með fyrirvara um gildandi öryggisreglur er farþegum óheimilt að hafa eftirfarandi hluti meðferðis inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar:

- a) *byssur, skotvopn og önnur tæki sem skjóta skotum* – tæki sem unnt er að nota, eða virðist vera unnt að nota, til að valda alvarlegum áverkum með því að skjóta skotum, þ.m.t.:
 - öll skotvopn, t.d. skammbyssur, marghleypur, rifflar, haglabyssur,
 - leikjabyssur, eftirlíkingar og eftirgerðir af skotvopnum sem líkjast alvöru vopnum,
 - íhlutir skotvopna, að undanskildu sjónaukasigti,
 - þrýstiloftsbyssur og kolsýrubyssur, t.d. skammbyssur, lofthaglabyssur, loftrifflar og kúlubyssur,
 - merkibyssur og rásbyssur,
 - bogar, lásbogar og örvar,
 - skutulbyssur og spjótbyssur,
 - slöngvur og teygjubyssur,
- b) *tæki til að dasa* – tæki sem er hannað sérstaklega til að dasa fólk eða valda því að það geti ekki hreyft sig, þ.m.t.:
 - tæki til að stuða, t.d. stuðbyssur (e. stun guns), rafstuðbyssur (e. tasers) og stuðkylfur,
 - tæki til að deyfa eða aflífa dýr,
 - íðefni, gös og úðaefni sem lama eða gera menn óvirka, t.d. úðavopn (e. Mace), piparúði (e. pepper sprays/capsicum sprays), táragas, sýruúði og úði til að fæla dýr,
- c) *oddhvassir eða egghvassir hlutir* – oddhvassir eða egghvassir hlutir sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverka, þ.m.t.:
 - hlutir sem eru ætlaðir til að höggva, t.d. axir, litlar handaxir og kjötaxir,
 - ísaxir og stingir,
 - rakblöð,
 - dúkahnífar,
 - hnífar með blöðum sem eru lengri en 6 cm,
 - skæri með lengra en 6 cm blaði, mælt frá ásnum,
 - búnaður fyrir sjálfsvarnaríþróttir sem er oddhvass eða egghvass,
 - sverð og sveðjur,
- d) *verkfæri* – verkfæri sem unnt er að nota annaðhvort til að valda alvarlegum áverka eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:
 - kúbein,
 - borar og borkrónur, þ.m.t. rafhlöðuknúnar handborvélar,
 - verkfæri með blað eða skafti sem er lengra en 6 cm og unnt er að nota sem vopn, t.d. skrúfjárn og sporjárn,
 - sagir, þ.m.t. rafhlöðuknúnar handvélsagir,
 - blússlampar,
 - bolta- og naglabyssur,
- e) *bitlaus áhöld og tól* – hlutir sem unnt er að nota til að valda alvarlegum áverkum þegar þeir eru notaðir til að berja með, þ.m.t.:
 - hafnarboltakylfur,
 - kylfur og stafir, t.d. vasakylfur, barefli og lögreglukylfur,
 - búnaður fyrir sjálfsvarnaríþróttir,
- f) *sprengiefni og íkveikjuefni og –tæki* – sprengiefni og íkveikjuefni og –tæki sem unnt er að nota eða virðist vera unnt að nota til að valda alvarlegum áverkum eða til að ógna öryggi loftfars, þ.m.t.:
 - skotfæri,

- sprengihettur,
- hvellhettur og sprengiþræðir,
- eftirlíkingar eða eftirgerðir af sprengibúnaði,
- jarðsprengjur, handsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,
- skoteldar og aðrar flugeldavörur,
- reykhyllki og reykþósir,
- dínamít, byssupúður og plastsprengiefni.